

Fundargerð 104. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 18. febrúar 2016, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Tilboð í fasteignir og kaupsamningar

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kautilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. Tilboð í Lindarbraut 635 frá Titan fjárfestingarfélag ehf. f.h. Óstofnaðs félags

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Titan fjárfestingafélagi ehf. Stjórn samþykkti kautilboðið á Lindarbraut 635.

b. Tilboð í Grænásbraut 604-606-604R frá Sverri Sverrissyni hf.

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Sverri Sverrissyni hf. í fasteignina að Grænásbraut 604-606 604R. Stjórn samþykkti tilboðið.

c. Tilboð í Breiðbraut 673 frá Ævari Ingólfssyni, Gunnari Birni Gunnarssyni og Gísla Rúnari Eiríkssyni

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Ævari Ingólfssyni ofl. í fasteignina að Breiðbraut 673.

Stjórn samþykkti tilboðið.

d. Tilboð í Breiðbraut 674 frá Ásmundi Jónssyni

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Ásmundi Jónssyni í Breiðbraut 674. Stjórn hafnaði tilboðinu.

e. Tilboð í Breiðbraut 668-669- 668R – Þor fasteignafélag ehf.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð Þor fasteignafélag í fasteignina að Breiðbraut 668 -669 668R. Stjórn hafnaði þessu tilboði.

- f. *Tilboð í hluta Bogatraðar 2 (#528) frá Sigurði Smára Gylfasyni f.h. óstofnaðs félags*
Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Sigurði Smára Gylfasyni í hluta Bogatraðar 2 (#528). Stjórn hafnaði tilboðinu og fól framkvæmdastjóra að gera gagntilboð.
- g. *Tilboð í Lindarbraut 639 frá Finna hótél*
Framkvæmdastjóri fór yfir mál Finna hótels í Lindarbrautar 639.
- h. *Tilboð í Keilisbraut 751 og Suðurbraut 759 frá Icelandair Group – HGSKIL*
Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Icelandair Group í Keilisbraut 751 og Suðurbraut 759. Stjórn samþykkti tilboðið í báðar þessar eignir.
- i. *Tilboð í Skógarbraut 914-916-918 frá Viðskiptaviti ehf. – HGSKIL*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Viðskiptaviti ehf. Stjórn samþykkti að fresta afgreiðslu þessa tilboðs.
- j. *Tilboð í Skógarbraut 915 -917 -919 frá Ólafi Thordersen – HGSKIL*
Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Ólafi Thordersen í Skógarbraut 915 – 917 – 919. Stjórn hafnaði tilboðinu.
- k. *Tilboð í Valhallarbraut 757 frá RFL ehf. – HGSKIL*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá RFL ehf. í Valhallarbraut 757. Stjórn frestaði afgreiðslu þessa máls.
- l. *Forkaupsréttur Reykjanesbæjar á Keilisbraut 755 (Hæfingamiðstöðin) – HV2*
Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að tilboð hafði borist í Keilisbraut 755 frá Sverri Sverrissyni hf. en samkvæmt samningi við Reykjanesbæ hafði Reykjanesbær forkaupsrétt á eigninni þar sem hún er í dag leigð til Reykjanesbæjar.
Reykjanesbæ var tilkynnt um fyrirbyggjandi tilboð og ákvað Reykjanesbær að nýta sér forkaupsréttinn.

m. Tilboð í Grænásbraut 602 frá Ólafi Jóni Arnbjörnssyni.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð sem barst í Grænásbraut 602 frá Ólafi Jóni. Stjórn hafnaði tilboðinu en fól framkvæmdastjóra ræða við tilboðsgjafa og gera gagntilboð.

3. Íslenskar fasteignir

Framkvæmdastjóri fór yfir viðræður við Íslenskar fasteignir. Kynning og umræður.

4. Önnur mál

Kaldasel ehf.

Stjórn fjallaði um málefni Kaldasels ehf. vegna Base ehf. Umræður.

Næsti stjórnarfundur áætlaður 17. mars.febrúar 2016 nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.55



Fjöla Ingrid Björnsd.

Sigrún Amadóttir